

Skýringar vegna eldvarna:

- > B0. Táknar björgunarop, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.
- Táknar rýmingarleið, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.
- ⊗ Reykskynjari, staðsetjast samkv. teikningu.


Byggingarlýsing / verklýsing:

Húsið er staðsteypt á hefðbundinn hátt. Undirstöður og botnplata eru staðsteyptar á þjappadri hraunfyllingu og eða á klöpp. Útveggir staðsteyptir 18 sm. einangrun 100 mm. múrhúð 20 mm. Steypiplata yfir 1 hæð 16-18 sm. staðsteypt.

L.R. táknar loftrásting.  
Dak kemur á steypta efstu plötu, á þakið koma tvö lög af álímdum þakpappa Pappinn skarast 10 sm. á langhlidum og skammhlidum. Fyrri pappalagið er lagt í stefnu vatnshallans. Yfirlagið er lagt þannig að samskeyti á undirlagi komi ca. á miðja rúllu yfirlags. Pappinn skarast eins og undirlagið.  
Einangrunin skal þola 300 kPa skv. Staðli iso 844, ss 169534. Plöturnar skulu vera nótaðar og leggjast í tveimur lögum, 100 mm. og 50 mm. ofan á pappann þannig að þær séu þétt að köntum og vel saman. Vanda skal sérstaklega við niðurföll.  
Ofan á einangrun skal leggja drendúk 136 gr./m². Dúkurinn skal ganga upp á kanta og upp fyrir endanlegt jarðvegsyfirlag. Skorið skal úr dúk við niðurföll.  
Ofan á drendúk skal setja 100 mm. drenlag úr sjávarmöl 20-60 mm. að þvermáli sem farg. Meðfram köntum kemur ein hellubreidd af hellum 400x400x60.

Sérstakar skýringar vegna einangrunar:  
Botnplata er einangruð með 75 mm einangrunarplasti, veggir sökkla eru einangraðir 50 sm niður fyrir plötu með 75 mm einangrunarplasti.  
Ofan á einangrun gólfplötu skal leggja polplast (rakasperra).  
Útveggir eru einangraðir með 100 mm einangrun.  
Dak er einangrað með 150 mm einangrun.

Í gluggum er tvöfalt K-einangrunargler (12 mm loftbil í föstum gluggum en 9mm loftbil í opnanlegum gluggafögum og hurðum. U-gildi (W/m²K) einstakra byggingahluta skulu vera í samræmi við upptalningu hér að neðan:  
Dak:  $T_i=18^{\circ}\text{C}$  U-gildi: 0,2  
Útveggir:  $T_i=18^{\circ}\text{C}$  U-gildi: 0,4  
Léttur útveggur einangraður í grind:  $T_i=18^{\circ}\text{C}$  U-gildi: 0,3  
Gluggar (karmar, gler vegið meðaltal, K-gler):  $T_i=18^{\circ}\text{C}$  U-gildi: 2,0  
Hurðir:  $T_i=18^{\circ}\text{C}$  U-gildi: 3,0  
Gólf: á fyllingu og að úpphituðu rými.  $T_i=18^{\circ}\text{C}$  U-gildi: 0,3  
Gólf að útilofti:  $T_i=18^{\circ}\text{C}$  U-gildi: 0,2  
Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir):  $T_i=18^{\circ}\text{C}$  U-gildi: 0,85  
Að öðru leiti skal mída við að kólnunartölur einstakra byggingahluta séu í samræmi við ÍST EN ISO 6946:1996.



GRUNNMYND MKV. 1:100.

Varðandi frekari málsetningar, sjá sérteikningar aðalhönnuðar í mkv. 1:50. Séruppdrættir skulu unnir þegar aðaluppdrættir hafa verið samþykktir af byggingaryfirvöldum.

BURKNAVELLIR 9 HAFNARFIRÐI.

Sigurður Þorvarðarson byggingafræðingur bfi.  
Teiknistofan Strandgötu 11 220 Hafnarfirði.  
Sími: 5651510. Netfang: teiknistofan@islandia.is

Skýringar:	Aðaluppdráttur.
Teikning:	Grunnmynd 1. hæð & Byggingarlýsing.
Mælikvarði:	1: 100.
Undirskrift:	
Blað nr: 1 af 4.	Dagsetning: 17 desember 2002.
Breytt:	